

Fundur stjórnar foreldrafélagsins 30. október 2019 – Fyrsti fundur eftir aðalfund

Mætt: Daníel, Ása, Atli, Brynja, Edda og Alma (sem reyndar gat ekki setið allan fundinn).

1. Búið er að senda út árgjald foreldrafélagsins
2. Vatnsbrúsar. Ákveðum að halda okkur við gráa brúsa þó það sé lengri biðtími. Stækkum pöntunina og gerum ráð fyrir næsta 1.bekk í henni
3. Jólaföndur. Höldum okkur við áðurnefndan 30.nóvember kl 11-13. Aðrar dagsetningar henta illa vegna Goðamóta og svo verður komið of langt fram í desember. Brynja, Alma og Edda verða fjarverandi svo mikilvægt er að allir aðrir í stjórn mæti og sinni jólaföndrinu. Þurfum að undirbúa allt extra vel og Brynja að sýna hvernig öllum frágangi skal háttað fyrirfram.
4. Jólaföndurfundur með bekkjarráðum ákveðinn 6.nóvember kl 20. Brynja sendir póst. Mikilvægt að öll bekkjarráð skili inn sýnishorni af föndri fyrirfram. Ræddum aðeins um hvort það sé í lagi að láta föndrið kosta eitthvað. Væri þá etv svolítið veglegri verkefni og hver stöð kostaði þá. Ætlum að athuga með einhverskonar föndurpakka í A4 og hvað þeir kosta. Ef til vill gætum við prófað eina þannig stöð.
5. Foreldrarölt. Daníel er búin að uppfæra listann og ætlar Brynja að senda hann á bekkjarráðin og vonandi kemst röltið þá í fullan gang fljótt.

Ekki fleira rætt.

Ritari Edda.